

**Sp.**

### **299. Tillaga til þingsályktunar**

um kaup á skipinu Pétursey handa Sjóminjasafni Íslands.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Sveinbjörn Högnason, Gísli Sveinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að festa kaup á áttæringnum Pétursey, sem nú er í eigu Jóns Halldórssonar í Vik í Mýrdal, og afhenda hann Sjóminjasafni Íslands til eignar og varðveislu.

#### **Greinargerð.**

Flest ef ekki öll þau skip, sem notuð voru fyrir aldamót við „sandana“ á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum, munu nú úr sögunni eða ósjófær orðin. En eins og kunnugt er, voru skip þessi gerð með sérstöku lagi og gerð til að hæfa sem bezt brimsjóunum við hina opnu strönd. Eitt þeirra fáu þessara skipa, Pétursey, mun þó enn í sæmilegu ásigkomulagi vegna framúrskarandi góðs viðhalds og hirðu núverandi eiganda, Jóns Halldórssonar, kaupm. í Vik. Skip þetta er einnig eitt þeirra, sem frægast er frá sjóferðum við hina opnu strönd Suðurlandsins síðari hluta 19. aldar og allt fram yfir aldamót. Skipið mun byggt í Mýrdal árið 1855 og er 4.02 smálestir að stærð. Það virðist sjálfsgætt að geyma svo merkar minjar frá sjósókn landsmanna, og því er tillaga þessi fram borin.